

103
17. júní

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hér með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 14. þ. m., samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, höfðum falið syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins Knud Christian Frederik Michael að hafa á hendi í fjarvist Vorri.

Gjört á Sorgenfrihöll, 17. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

104
7. júlí

AUGLÝSING

um innköllun hinna eldri Landsbankaseðla.

Hér með eru innkallaðir allir peningaseðlar Landsbankans af hinni eldri gerð, sem nú eru í umferð. Þessir seðlar eru 5, 10 og 50 króna seðlar gefnir út samkv. augl. í Stj.tíð. 24. júlí 1907 fyrir Landssjóð Íslands með myndum konunganna Kristjáns IX., Friðriks VIII. og Kristjáns X. Enn fremur 5, 10 og 50 króna seðlar gefnir út samkvæmt augl. í Stj.tíð. 9. júlí 1925 fyrir Ríkissjóð Íslands með mynd Kristjáns X., og loks 5, 10, 50 og 100 króna seðlar með mynd Kristjáns X., gefnir út síðan árið 1929 fyrir Landsbanka Íslands samkv. bankalögunum nr. 10 15. apríl 1928. Skulu allir þessir seðlar ógildir frá 1. júlí 1939, og fæst skipt á þeim fyrir nýja seðla hjá Landsbankanum og útibúum hans til þess tíma.

Þetta er hér með birt almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.